# FRÉTTABLAÐIÐ

89. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 17. APRÍL 2018





Loftárásir Breta, Bandaríkjamanna og Frakka á Sýrland um helgina sæta gagnrýni víðsvegar um heim. Í gær var mótmælt fyrir framan þinghúsið í Lundúnum. Theresa May, forsætisráðherra Breta, flutti skýrslu um Sýrland í neðri deild þingsins. Stuðningur Atlantshafsbandalagsins við aðgerðirnar var til umræðu á þingflokksfundi VG. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA Sjá síðu 4.

# Segir þörf á breyttu skipulagi skimunar

**Yfirlæknir á krabbameinslækningadeild Landspítala telur ekki heppilegt að frjáls félagasamtök eins og Krabbameinsfélag Íslands hafi umsjón með og framkvæmi skimun fyrir krabbameini. Framkvæmdastjóri KÍ segir félagið vel í stakk búið til að sinna því hlutverki.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Á sama tíma og þátttaka í skimun fyrir krabbameini í brjóstum og leghálsi minnkar og er undir viðmiðunarmörkum fá konur bjagaðar upplýsingar um gagnsemi skimunar. Þetta segir Helgi Sigurðsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir á krabbameinslækningadeild Landspítala. „Það er ekki nógu mikil áhersla lögð á að kynna neikvæða þætti skimana fyrir þessum konum,“ segir Helgi.

Þátttaka í skimun fyrir krabbameini í brjóstum og leghálsi er langt undir viðmiðunarmörkum. Árið 2016 höfðu 55 prósent kvenna mætt á síðustu tveimur árum í skimun fyrir brjóstakrabbameini en æskileg þátttaka er yfir 75 prósentum. 68 prósent mættu á síðustu þremur árum í skimun vegna krabbameins í leghálsi. Æskileg þátttaka í skimun fyrir krabbameini í leghálsi er yfir 85 prósent.

Skiptar skoðanir eru um hvernig best sé að haga fyrirkomulagi skimunar á Íslandi en vonast er til að sérstakt skimunarráð skili tillögum að framtíðarfyrirkomulagi stjórnunar og skipulags skimunar fyrir krabbameini á Íslandi í byrjun sumars. Fáheyrt er í alþjóðlegu samhengi að frjálsum félagasamtökum sé falið að skipuleggja skimanir, stýra þeim og framkvæma.

Helgi telur að skimunarstarfið og krabbameinsskrá hafi á sínum tíma verið lofsvert framtak hjá Krabbameinsfélaginu en slík verkefni séu í dag orðin of stór fyrir starfsemi félagsins, sem ætti frekar að leggja áherslu á forvarnir og einkum þó að styrkja stöðu og réttindi þeirra sem greinst hafa með krabbamein.

„Við eigum að fylgja því fordæmi sem sett hefur verið meðal annars í Danmörku, Noregi og Svíþjóð þar sem krabbameinsfélögin eru ekki lengur í forsvari fyrir hvorki leitarstarfi né krabbameinsskráningu.“

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra tekur ekki afstöðu til þess hvort eðlilegt sé að félagasamtök beri ábyrgð á skimunum. „Ráðherra telur eðlilegt að bíða niðurstöðu skimunarráðs áður en tekin er afstaða til þessarar spurningar,“ sagði í svari ráðherra.

Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands, segir félagið vel í stakk búið til að standa að skimunum og unnið sé að því að auka þátttöku í þeim.
**– khn /** **sjá síðu 6**

## Sóun í kerfinu segir forstjórinn

**HEILBRIGÐISMÁL** Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands, gagnrýnir stjórnvöld fyrir skammsýni og sóun við fyrirkomulag liðskiptaaðgerða hér á landi.

Steingrímur segir í greininni að aðgerðir á einkareknum stofum gætu grynnkað á biðlistum.

„Frá árinu 2016, þegar sérstakt átak til að stytta biðlista hófst, hafa þrír heilbrigðisráðherrar ákveðið að liðskiptaaðgerðir í íslenska heilbrigðiskerfinu skuli einungis vera í boði hjá stofnunum ríkisins. Samtímis hefur þeirri ósk SÍ verið hafnað að semja um gerviliðaaðgerðir á þeim grunni að „mæli fagleg og fjárhagsleg rök með því verði SÍ jafnframt heimilað að semja um hluta aðgerðanna við sjálfstætt starfandi bæklunarlækna“, segir í greininni.
**– jóe /** **sjá síðu 11**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri skrifar um borgarlínu. 10

**SPORT** Valur og Fram mætast í úrslitum Olísdeildar kvenna. Einvígið hefst í Valshöllinni í kvöld. 12

**LÍFIÐ** Hanna Rún kann ýmislegt fleira fyrir sér en að dansa. 22

**PLÚS SÉRBLAÐ**
● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015












## Veður




Gert er ráð fyrir austan hvassviðri og jafnvel stormi syðst á landinu og einnig mjög hvössum vindhviðum á þeim slóðum. Talsverð rigning suðaustanlands og á Austfjörðum en annars úrkomuminna. Dregur úr úrkomu og vindi þegar líður á daginn. SJÁ SÍÐU 16

# Nýir eigendur að Hótel Öldu

**VIÐSKIPTI** Icelandair hótel hafa gengið frá kaupum á Hótel Öldu við Laugaveg. Hótelið verður rekið áfram undir sama nafni.

Í tilkynningu frá Icelandair kemur fram að Hótel Alda hafi tekið til starfa vorið 2014. Í hótelinu eru 89 herbergi.

„Húsnæði hótelsins hefur á undanförnum árum verið algjörlega endurnýjað að innan sem utan á vandaðan hátt,“ segir í tilkynningunni.

Eftir kaupin á Hótel Öldu verður fjöldi herbergja Icelandair hótela alls 1.937 um land allt, 876 í Reykjavík og 450 herbergi á landsbyggðinni í rekstri allt árið en þar að auki 611 Eddu-hótelherbergi í sumarrekstri. – jhh

# Margmenni á ársfundi SA



Ársfundur Samtaka atvinnulífsins fór fram í Hörpu í gær. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, hefur ítrekað rætt það undanfarnar vikur að fjárfesta þyrfti meira í innviðum. Aldrei að vita nema það mál hafi komið upp í samtali hans við Dag B. Eggertsson borgarstjóra og oddvita Samfylkingarinnar, sem viðstaddur var fundinn. Fundurinn er hluti af 100 afmælishátíð fullveldisins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Innflytjendur á vinnumarkaði aldrei fleiri

**VINNUMARKAÐUR** Árið 2017 voru 16,5 prósent starfandi fólks á vinnumarkaði hérlendis innflytjendur. Hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði hefur aldrei verið hærra. Þetta má lesa úr tölum frá Hagstofunni.

Rúmlega 190 þúsund manns voru á vinnumarkaði og voru tæplega 53 prósent þeirra karlmenn. 97 prósent starfandi einstaklinga á vinnumarkaðnum voru með skráð lögheimili hér á landi. 83,7 prósent innflytjenda á vinnumarkaðnum voru með lögheimili skráð hér á landi.

Í tölum Hagstofunnar telst innflytjandi vera sá sem fæddur er erlendis og foreldrar og báðir afar og ömmur eru fædd erlendis. Aðrir teljast hafa einhvern íslenskan bakgrunn. – jóe

# Skúli Eggert í stað Sveins

**STJÓRNSÝSLA** Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri var á þingfundi í gær kjörinn ríkisendurskoðandi til næstu sex ára. Hann tekur við þann 1. maí næstkomandi. Kjör Skúla var samþykkt á þingi með fimmtíu samhljóða atkvæðum en þrettán þingmenn voru fjarverandi við kosningu hans.

Frá árinu 2006 hefur Skúli Eggert verið ríkisskattstjóri en þar áður var hann skattrannsóknarstjóri árin 1993-2006. Árin þar á undan hafði hann gegnt embætti vararíkisskattstjóra.

Skúli tekur við embætti ríkisendurskoðanda af Sveini Arasyni en hann hefur gegnt því frá árinu 2008. – jóe



Skúli Eggert Þórðarson


AÐALFUNDUR
FVFÍ 2018

Verður haldinn að Borgartúni 22
fimmtudaginn 26.apríl kl.19:00.

Fundarefni:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Lagabreytingar og kosning um lagabreytingar sjúkrasjóðs
3. Önnur mál

Veitingar að fundi loknum.

Tillögur til lagabreytinga verða að hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofu FVFÍ alla virka daga milli kl. 10-15 vikuna fyrir fund.

Mætið vel og stundvíslega.

Stjórnin


# Vandamál hversu fáir karlar nema hjúkrun

**Félag hjúkrunarfræðinga ætlar að greiða innritunargjöld fyrir karlmenn sem fara í hjúkrunarfræði. Aðeins nítján karlar eru í námi eins og staðan er núna. Ísland er með eitt lægsta hlutfall karla í hjúkrun á öllum Vesturlöndum.**

**MENNTUN** Félag hjúkrunarfræðinga hefur ákveðið að greiða skólagjöld karla í hjúkrunarfræðum. Er um fimm ára tilraunaverkefni að ræða til að fjölga karlmönnum í hjúkrun. Hlutfall karla í stétt hjúkrunarfræðinga hér á landi er með því lægsta sem þekkist í hinum vestræna heimi.

Háskólinn á Akureyri vinnur nú að samnorrænni rannsókn á hvernig á því standi að karlar séu svo ólíklegir eins og raun ber vitni til að nema hjúkrunarfræði. Aðeins nítján karlmenn eru í hjúkrunarfræði við íslenska háskóla í dag. Að mati Guðbjargar Pálsdóttur, formanns Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, er það allt of lítið.

„Stjórn hjúkrunarfræðingafélagsins vinnur nú að því að auka hlutfall karla í hjúkrunarfræðum. Við vitum ekki hvað það er sem veldur því að karlar vilji ekki læra hjúkrunarfræði, við þurfum að komast til botns í því. En við munum reyna að fjölga þeim með því að greiða skólagjöld karla næstu fimm árin til að fjölga körlum í stéttinni,“ segir Guðbjörg.

„Þetta hefur gefist ágætlega hjá leikskólakennurum til að mynda og við ætlum að reyna þetta líka. Hvort þetta beri síðan árangur verður svo bara að koma í ljós,“ segir hún.

Gísli Kort Kristófersson, lektor í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri, segir það mikilvægt fyrir stéttina að fjölga karlmönnum.

„Við erum númer eitt í heiminum þegar kemur að jafnrétti en við erum með eitt lægsta hlutfall karla í heiminum í hjúkrun. Í þessu framsækna þjóðfélagi verðum við að finna út hví karlar sæki sér ekki menntun í hjúkrun.“

Hlutfall karlhjúkrunarfræðinga í Bretlandi er um 11,5 prósent og í Noregi er hlutfallið í kringum tíu prósent. Danir eru einnig með lágt hlutfall karlmanna í hjúkrun, um fjögur prósent.

„Miðað við sum karlastörf, þá er þetta ekkert illa launað, þannig. Við alla vega sjáum enga eina skýringu á því hvers vegna hlutfall okkar bifast ekki. Því viljum við skoða þetta náið með Norðmönnum og Dönum til að sjá hvað við getum gert betur hér á Íslandi til að fjölga karlmönnum,“ segir Gísli.

sveinn@frettabladid.is



Það er ekki vitað hvað veldur því að karlar vilja ekki læra hjúkrunarfræði. Hjúkrunarfræðingafélagið vill komast til botns í því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Við erum númer eitt í heiminum þegar kemur að jafnrétti en við erum með eitt lægsta hlutfall karla í heiminum í hjúkrun.

Gísli Kort Kristófersson, lektor í hjúkrunarfræði






Í 65 ár hefur Land Cruiser drottnað yfir landslaginu og nú skartar þessi fjórhjóladrifni konungur jeppanna nýju útliti, ytra sem innra. Hann státar af nýju mælaborði með stærri skjá og nýjum eiginleikum á borð við Toyota Safety Sense sem auka enn á öryggið sem alltaf hefur verið hluti af sterkbyggðri gæðahönnun jeppans sem einfaldlega toppar allt.

- **Nýr Land Cruiser 150 býðst með 33" breytingu að kostnaðarlausu**
- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Land Cruiser 150**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Nýr verjandi Thomasar Møller segir málið líklega bíða til hausts

**DÓMSMÁL** Mál Thomasar Møller Olsen fer að öllum líkindum ekki fyrir Landsrétt fyrr en í haust. Enn er beðið matsskýrslu sem óskað var eftir til að meta hvar líkama Birnu var komið fyrir í sjó.

„Skýrslan átti að vera tilbúin í byrjun apríl en er ekki komin. Svo höfum við frest til 2. maí til að skila greinargerð í málinu og svo á ákæruvaldið eftir að skila greinargerð og réttargæslumenn þannig að mér finnst nú ólíklegt að þetta verði fyrr en eftir réttarhlé,“ segir Björgvin Jónsson hæstaréttarlögmaður.

Thomas óskaði nýverið eftir að Björgvin yrði skipaður verjandi hans í stað Páls Rúnars Kristjánssonar sem verið hefur verjandi Thomasar frá því hann var handtekinn í janúar á síðasta ári vegna hvarfs Birnu Brjánsdóttur.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsrétti fer það eftir umfangi málsins hvort málflutningur getur farið fram fyrir réttarhlé og ekki sé unnt að taka afstöðu til þess fyrr en greinargerðum hefur verið skilað. Venju samkvæmt er réttarhlé í júlí og ágúst.

Þótt kveðinn hafi verið upp dómur yfir Thomasi í héraði hefur hann ekki enn hafið afplánun heldur situr hann í gæsluvarðhaldi þar til endanlegur dómur hefur verið kveðinn upp í málinu. Vegna lagaáskilnaðar um að mál séu dæmd án ástæðulauss dráttar, sér í lagi ef menn sem bíða dóms sitja í gæsluvarðhaldi, eru áhöld um hvort það samræmist stjórnarskrá og ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu að fresta málflutningi vegna sumarleyfa. **– aá**



**Thomas var dæmdur í 19 ára fangelsi í héraði** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


**Sektin fyrir að nota síma við akstur áttfaldast frá því sem áður var.**

## Hærri sektir fyrir brot

**SAMGÖNGUR** Lægsta sektarfjárhæð fyrir umferðarlagabrot verður 20.000 krónur, samkvæmt nýrri reglugerð sem Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngumálaráðherra hefur undirritað. Sektin var áður 5.000 krónur. Eina undantekningin er að sekt fyrir að hafa ekki ökuskírteini meðferðis verður áfram 10.000 krónur.

Sekt fyrir að nota farsíma við stýrið án handfrjáls búnaðar verður 40.000 krónur í stað 5.000 króna. Þau rök eru meðal annars gefin fyrir hækkuninni að tíðni slíkra brota hafi aukist og að hætta hljótist af notkun farsíma við akstur. **– jhh**

## Lentu með látinn farþega

**SAMGÖNGUR** Lenda þurfti flugvél, sem var á leið frá Amsterdam í Hollandi til New York í Bandaríkjunum, á Keflavíkurflugvelli síðasta fimmtudag vegna veikinda farþega. Lögreglumenn á Suðurnesjum, sjúkraflutningamenn og læknir fóru um borð, og úrskurðuðu farþegann látinn skömmu síðar.

Fram kemur í tilkynningu frá lögreglu að um hafi verið að ræða erlendan ferðamann og að lögreglan hafi haft samband við sendiráð viðkomandi ríkis vegna málsins. **– sks**

# Samstarfið trompar stefnu VG

**Þingmenn VG segja að flokkurinn væri óstjórntækur á Íslandi ef áhersla hans gegn NATO væri ófrávíkjanleg. Nokkur umsvif verða á næstu misserum vegna NATO og áhugi Bandaríkjanna á Íslandi eykst á ný.**

**UTANRÍKISMÁL** Loftárásirnar um liðna helgi og viðbrögð ríkisstjórnarinnar voru til umræðu á fundi þingflokks Vinstri grænna í gær og þrátt fyrir afstöðu Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur herma heimildir blaðsins að góð samstaða hafi verið á fundinum.

Ástandið í heimsmálunum virðist ætla að koma illa heim og saman við stefnu VG í öryggis- og varnarmálum. Ekki nóg með að Ísland, sem aðili að NATO, hafi ásamt öðrum ríkjum bandalagsins lýst stuðningi við loftárásir Bandaríkjamanna, Breta og Frakka í Sýrlandi, heldur má ætla að umsvif NATO verði töluverð á næstu misserum og fleiri tilvik komi upp þar sem afstöðu eða aðgerða ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur verði krafist.

Þannig stendur til að mynda stór heræfing NATO-ríkja fyrir dyrum í Noregi í haust og þó að þátttaka Íslendinga verði takmörkuð verður í aðdraganda hennar haldin minni æfing hér á landi með einhverri þátttöku íslenskra stofnana. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu liggur ekki enn fyrir með hvaða hætti Ísland tekur þátt í þeirri æfingu.


**Þingflokkur Vinstri grænna fundaði í þinghúsinu í gær og ræddi meðal annars viðbrögð stjórnvalda við loftárásum vesturveldanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í friðarstefnu VG er tekin skýr afstaða gegn heræfingum hér á landi. Raunar er VG eini flokkur landsins sem haft hefur í hávegum þá friðarstefnu íslenskra vinstrimanna sem mótaðist í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar fyrir um 70 árum. Hornsteinar hennar hafa verið úrsögn úr NATO og herinn burt. Þótt flestir hafi talið að síðarnefnda baráttumálinu væri lokið með fullnaðarsigri hafa kólnandi samskipti Vesturlanda og Rússlands haft þau áhrif að Bandaríkjaher hefur fengið nokkurn áhuga á aðstöðu á Keflavíkurvelli á ný.

Þessu heldur Albert Jónsson, fyrrverandi sendiherra Íslands bæði í Moskvu og Washington, fram í ritgerð á vefsvæði sínu. Albert segir þann áhuga þó ekki lúta að fastri viðveru heldur tímabundinni staðsetningu kafbátaleitarflugvéla, annars vegar til æfinga og hins vegar til að leita að og veita rússneskum kafbátum eftirför, sjáist þeir á kreiki nálægt landinu.

En þingmenn flokksins standa keikir. Valið stendur milli friðarstefnunnar og þátttöku í ríkisstjórn.

## Hvað segja þingmenn Vinstri grænna um málið?



**Ari Trausti Guðmundsson**
Ef vinstri græn ætluðu alltaf að halda þessu til ýtrasta málstaðar, þá sætu þau náttúrulega aldrei í ríkisstjórn því miður. Þetta er eini flokkurinn á Íslandi sem vill úrsögn úr NATO og er andvígur öllum hernaðarhlutunum.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
Það var alveg skýrt, alveg frá upphafi, að þessi ríkisstjórn myndi ekki starfa eftir hreinni stefnu vinstri grænna í utanríkismálum. Hún er mynduð um mjög samfélagslega mikilvæg verkefni en því miður eru ekki fleiri flokkar með okkar góðu stefnu um að Ísland skuli standa utan allra hernaðarbandalaga.



**Steinunn Þóra Árnadóttir**
Ég hef sagt og ítrekað að það er stefna VG að vera utan herðnaðarbandalaga. En við ákváðum að fara í þetta ríkisstjórnarsamstarf þrátt fyrir að fyrir lægi að við værum ekki sammála um þessi mál og það væri alveg sama hvaða ríkisstjórnarsamstarf við hefðum farið inn í, við höfum alltaf aðra skoðun á NATO en aðrir flokkar. En við erum ekki eins máls hreyfing þannig að ég legg áherslu á að við sem hreyfing tölum fyrir okkar friðarstefnu og reynum að afla henni fylgis.



**Rósa Björk Brynjólfsdóttir**
Stefna VG verður að koma fram með skýrari hætti í utanríkisstefnu Íslands, það er mín skoðun og ég mun ekki hvika frá henni. Hernaðaraðgerðir koma ekki á friði. Pólitískar viðræður og diplómatískar lausnir koma á friði.






VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Hvetja til þess að skimanir verði á forræði stjórnvalda

**Ráðherra bíður tillagna fagráðs um framtíð skimana fyrir krabbameini áður en hún tekur afstöðu til þess hvort eðlilegt sé að slík leit sé á forræði frjálsra félagasamtaka. Yfirlæknir á krabbameinslækningadeild segir að skimun og rekstur krabbameinsskráar eigi að vera í höndum stjórnvalda líkt og tíðkast annars staðar.**


Skiptar skoðanir eru um hvernig skipulagðri skimun fyrir krabbameini skuli háttað hér á landi. NORDICPHOTOS/GETTY

**HEILBRIGÐISMÁL** Vonast er til að sérstakt skimunarráð muni skila tillögum sínum að framtíðarfyrirkomulagi stjórnunar og skipulags skimunar fyrir krabbameini á Íslandi í byrjun sumars. Hlutverk ráðsins er að koma með tillögur varðandi hvar í heilbrigðiskerfinu stjórnstöð skimunar eigi að vera til frambúðar og hvar sjálf skimunin fari fram.

Skiptar skoðanir eru um hvernig best sé að haga fyrirkomulagi skimunar á Íslandi, það er, hvort hún skuli vera á forræði félagasamtaka eins og Krabbameinsfélags Íslands, eða á vegum opinberra aðila. Í minnisblaði sem þáverandi landlæknir sendi velferðarráðuneytinu í desember 2016 kom fram að mikilvægt væri að greina á milli skimunar fyrir krabbameini og frjálsrar félagastarfsemi.

Fáheyrt er í alþjóðlegu samhengi að frjálsum félagasamtökum sé falið að skipuleggja skimanir, stýra þeim og framkvæma.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins vill Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra ekki taka afstöðu til þess hvort eðlilegt sé að félagasamtök beri ábyrgð á skimunum. „Ráðherra telur eðlilegt að bíða niðurstöðu skimunarráðs áður en tekin er afstaða til þessarar spurningar," segir í svari ráðherra.

Þegar rýnt er í ársskýrslur Krabbameinsfélags Íslands, sem sinnir skimun fyrir stjórnvöld á grundvelli þjónustusamnings við Sjúkratryggingar Íslands, blasir við að þátttaka í skimunum hefur farið minnkandi undanfarin ár. Árið 2016 höfðu 55 prósent kvenna mætt á síðustu tveimur árum í skimun fyrir brjóstakrabbameini en æskileg þátttaka er yfir 75 prósent. 68 prósent mættu á síðustu þremur árum í skimun vegna krabbameins í leghálsi. Æskileg þátttaka í skimun fyrir krabbameini í leghálsi er yfir 85 prósent.

Kristján Oddsson var yfirlæknir og sviðsstjóri leitarsviðs Krabbameinsfélagsins í fjögur ár. Hann hefur ekki farið leynt með gagnrýni sína á félagið og segir að betur megi standa að skimun hér á landi.

„Þátttakan [í skimun] hefur farið minnkandi síðustu 25 ár og hefur á síðasta áratug ekki náð íslenskum viðmiðum. Afleiðingin er sú að konur bíða tjón á bæði lífi og heilsu," segir Kristján. „Að mínu mati er þetta grafalvarlegt mál."

Kristján segir brýnt að færa umsjón og framkvæmd skimunar í hendur opinberra aðila.

Helgi Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir í krabbameinslækningum á Landspítalanum, tekur í sama streng: „Við eigum að fylgja því fordæmi sem sett hefur verið meðal annars í Danmörku, Noregi og Svíþjóð þar sem krabbameinsfélögin eru ekki lengur í forsvari fyrir hvorki leitarstarfi né krabbameinsskráningu," segir hann en ítrekar engu að síður mikilvægi frumkvöðlastarfs Krabbameinsfélagsins á sínum tíma í skimunarmálum og rekstri krabbameinsskráarinnar.

Helgi bendir einnig á að upplýsingar séu bjagaðar um gagnsemi skimana. „Það er of mikil áhersla á gagnsemi skimunar og of lítil áhersla á að kynna mögulega neikvæða þætti þeirra til dæmis við leit að brjóstakrabbameini."

Helgi telur að skimunarstarfið og krabbameinsskrá hafi á sínum tíma verið lofsvert framtak hjá Krabbameinsfélaginu en slík verkefni séu í dag orðin of stór fyrir starfsemi félagsins, sem ætti frekar að leggja áherslu á forvarnir og einkum því að styrkja stöðu og réttindi þeirra sem greinst hafa með krabbamein. Krabbameinsskrá ætti einnig að vera í höndum stjórnvalda og helst innan vébanda Landspítalans, sem sinnir 90 prósentum af öllum tilfellum.

Halla Þorvaldsdóttir, núverandi framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands, segir félagið vel í stakk búið til að standa að skimun. Þegar kemur að þátttöku í skimunum sé nú starfandi hópur innan félagsins þar sem verið er að kortleggja leiðir til að efla þátttöku.

„Við fögnum því mjög að stjórnvöld taki aukna ábyrgð á skimun fyrir sjúkdómum, það gerist með því að heilbrigðisyfirvöld skipi þetta ráð," segir Halla. Varðandi framkvæmdina skipti mestu að kröfurnar séu vandlega skilgreindar og að framkvæmdaraðilar uppfylli þau skilyrði sem sett eru. „Og viðkomandi aðili þarf þá að uppfylla þau skilyrði. En ákvarðanir um fyrir hverju á að skima, hverja á að skima og hvenær, þær eiga auðvitað að vera hjá stjórnvöldum."

kjartanh@frettabladid.is

> **Við fögnum því að stjórnvöld taki aukna ábyrgð á skimun fyrir sjúkdómum.**
>
> Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands




Almenningur á Indlandi er reiður vegna ástandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Sagðir hafa grýtt stúlku til dauða

**INDLAND** Réttarhöld hófust í gær yfir átta mönnum, ákærðum fyrir að hafa nauðgað og myrt átta ára gamla stúlku í Jammu- og Kasmír-héraði Indlands. Málið hefur vakið reiði á meðal almennings og ríkisstjórnin verið gagnrýnd fyrir getuleysi í baráttu gegn slíkum glæpum.

Stelpan var múslimi úr hirðingjasamfélagi í Kasmír. Áttmenningarnir eru sakaðir um að hafa byrlað henni ólyfjan, dregið hana inn í yfirgefið musteri og misþyrmt henni þar dögum saman áður en þeir kyrktu og grýttu hana til dauða.

Fimmtíu fyrrverandi lögreglustjórar, sendiherrar og erindrekar sendu Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, bréf fyrir helgi þar sem þeir kenna þjóðernishyggjusinnuðum BJP-flokki Modi, og öfgahópum hindúa, um að kynda undir árásargirni. – þea


Tími er kominn á endurnýjun leikvangsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Taka ákvörðun um áramótin

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisstjórn, borgarráð og stjórn KSÍ hafa samþykkt að stofna undirbúningsfélag um mögulega endurnýjun á núverandi þjóðarleikvangi í Laugardal. Undirbúningi fyrir ákvörðun um uppbygginguna skal lokið fyrir árslok.

Ákvörðunin er tekin á grundvelli niðurstaðna starfshóps sem ríki og Reykjavíkurborg skipuðu 11. janúar síðastliðinn og hafði það hlutverk að skoða tillögur og meta þær.

Hlutverk undirbúningsfélagsins verður að bjóða út samning um endanlega þarfagreiningu, skipulagningu verkefnisins, kostnaðaráætlun og gerð útboðsgagna. – jhh


**Skattskrár vegna álagningar 2017 og virðisaukaskattskrár vegna tekjuársins 2016 verða lagðar fram 17. apríl 2018**

Skrárnar, sem sýna álagða skatta og gjöld á gjaldendur í hverju sveitarfélagi, eru lagðar fram á viðkomandi starfsstöðvum ríkisskattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum dagana 17. apríl til og með 30. apríl 2018. Framlagning skattskráa er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 og 46. gr. laga nr. 50/1988.

17. apríl 2018

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI


## Veiðiréttareigendur hvetja til sniðgöngu á eldislaxi

**FISKELDI** „Ég á alveg eins von á að aðrir í þessum geira muni fylgja í kjölfarið," segir Haraldur Eiríksson, sölu- og markaðsstjóri hjá Veiðifélaginu Hreggnasa, sem birti í gær afgerandi stjórnarsamþykkt félagsins gegn sjókvíaeldi og afurðum þess.

Sjókvíaeldi á norskum laxi er hafið við strendur Íslands og segir í samþykkt stjórnarinnar að fjölmörg dæmi séu um að slíkt eldi hafi neikvæð áhrif á náttúrulega stofna laxa og silunga. Bent er á umhverfisáhrif og sjúkdómahættu sem fylgi slíkum iðnaði.

„Vegna þessa er rétt að ítreka að Veiðifélagið Hreggnasi býður viðskiptavinum sínum ekki upp á slíka vörur í sínum veiðihúsum. Jafnframt er því beint til viðskiptavina, bæði innlendra og erlendra, að sniðganga sjókvíaeldisfisk og kynna sér vel uppruna vörunnar í verslunum og á veitingastöðum," segir í samþykktinni sem birt var á Facebook.

Hreggnasi leigir meðal annars Grímsá, Laxá í Dölum og Laxá í Kjós.

„Margir af erlendum viðskiptavinum okkar hafa mjög sterkar skoðanir á þessu. Stór hluti viðskipta okkar kemur frá Bretlandseyjum og þar er mönnum mjög heitt í hamsi því þar horfa menn til Skotlands og hvernig ástandið er þar," segir Haraldur í samtali við Fréttablaðið.

Hann segir sjókvíaeldi á laxi vera veiðiréttareigendum, sem og öðrum, mikið áhyggjuefni og bendir á harðorða yfirlýsingu Veiðifélags Víðidalsár á dögunum.

„Við erum bara að skerpa á þessu, þetta er ekki stefnubreyting hjá okkur en í fyrsta skipti sem við förum opinberlega með það að við sniðgöngum þetta og erum ekkert feimnir við það." – smj

# Deilt um tálmanir á rannsókn

**Rússar sagðir hrófla við árásarvettvangi í Douma. Segja árásina sviðsetta og neita alfarið ásökunum um að þeir hindri rannsókn Efnavopnastofnunarinnar. Rannsakendur fengu ekki að fara inn á svæðið í gær.**

**SÝRLAND** Rússar voru í gær sakaðir um að hafa mögulega hróflað við vettvangi meintrar efnavopnaárásar í Douma í Sýrlandi. Þeir neituðu því alfarið. Stofnunin um bann við efnavopnum (OPCW) fundaði í Haag í gær. Fundurinn var lokaður en samkvæmt heimildum Reuters lét Kenneth Ward, fulltrúi Bandaríkjanna, ásakanirnar falla þar.

„Okkur skilst að Rússar hafi mögulega heimsótt árásarvettvanginn. Við höfum áhyggjur af því að þeir gætu hafa hróflað við vettvangi í því skyni að tálma rannsókn OPCW,“ sagði Ward.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, hafnaði ásökunum Wards í gær. „Ég get ábyrgst það að Rússland hefur ekki hróflað við vettvangi.“ Jafnframt sagði hann enn á ný að engum efnavopnum hefði verið beitt í Douma. Rússar hafa áður sagt enga árás hafa átt sér stað, hafa jafnvel sagt að Bandaríkjamenn eða Bretar hafi sviðsett árásina.

„Allar þær sannanir sem leiðtogar Frakklands, Bretlands og Bandaríkjanna hafa vísað í byggjast á fjölmiðlaumfjöllun og samfélagsmiðlum. Þetta átti sér ekki stað. Það sem gerðist var það sviðsetta,“ sagði Lavrov í gær. Ráðherrann sagði undarlegt að loftárásir hefðu verið gerðar daginn áður en rannsakendur áttu að hefja vinnu sína á svæðinu.

Hin meinta árás hefur sett samskipti Vesturlanda við Rússland í bál og brand. Bandaríkin, Frakkar og Bretar gerðu á laugardag loftárásir á skotmörk í Sýrlandi, sem talin voru tengjast efnavopnaframleiðslu, -þróun og -notkun stjórnarhers Bashars al-Assad forseta. Rússar, Sýrlendingar og Íranar fordæmdu síðan árásina.



Stjórnarhermenn slappa af innan um rústir í Douma. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjastjórn sagði 105 eldflaugum hafa verið skotið og að Sýrlendingar hefðu ekki náð að skjóta neina þeirra niður. Rússar sögðu hins vegar að 71 eldflaug hefði verið skotin niður. Skotmörkin voru rannsóknarsvæðið í Barzeh, þar sem Bandaríkjamenn segja þróun og framleiðslu á efnavopnum fara fram, og tvö önnur framleiðslusvæði í Him Shinshar.

Vitni á vettvangi í Douma hafa greint frá því að fórnarlömb meintrar árásar hafi lyktað af klór og verið með þykka froðu í munni. Bandaríkjamenn hafa sagt afgerandi sannanir vera fyrir því að klórgasi hafi verið beitt. Möguleiki sé á að saríngasi hafi verið beitt.

> **Við höfum áhyggjur af því að þeir [Rússar] gætu hafa hróflað við vettvangi í því skyni að tálma rannsókn OPCW.**
>
> Kenneth Ward, fulltrúi Bandaríkjanna á fundi Efnavopnastofnunarinnar

Rannsókn OPCW á vettvangi var frestað í gær og var ekki hafin þegar þessi frétt var skrifuð. Að sögn sænska fulltrúans á fundinum sögðu Rússar og Sýrlendingar rannsakendum að ekki væri hægt að tryggja öryggi á vettvangi. Breski fulltrúinn sagði það óboðlegt, þörf væri á samstarfi Rússa og Sýrlendinga og að óhindraður aðgangur væri nauðsynlegur. Dmítrí Peskov, talsmaður Rússlandsforseta, sagði af og frá að það væri Rússum að kenna að rannsókn tefðist.

OPCW hefur áður komist að því, í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar, að Assad-liðar hafi oftsinnis beitt efnavopnum undanfarin ár. Meðal annars í fyrra þegar nærri hundrað fórust í saríngasárás á Khan Sheikhoun. **thorgnyr@frettabladid.is**



**Við landamæri Mjanmar og Bangladess.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Yfirlýsingar um heimkomu fáránlegar

**MJANMAR** Yfirlýsing stjórnvalda í Mjanmar um að fimm manna Róhingjafjölskylda hafi snúið aftur heim til Rakhine-héraðs er fáránleg og farsi. Þetta sögðu stjórnvöld í Bangladess í gær, sögðu fjölskylduna raunar aldrei hafa yfirgefið Mjanmar yfirhöfuð.

Hundruð þúsunda Róhingjafjölskyldna hafa hins vegar flúið Mjanmar frá því í ágúst í fyrra. Flestir hafa flúið til Bangladess en mjanmarski herinn hefur verið sakaður um þjóðernishreinsanir, jafnvel þjóðarmorð á Róhingjum.

Ríkin tvö hafa komist að afar umdeildu samkomulagi um að senda flóttamennina heim aftur en slíkir flutningar eru ekki hafnir.

Að sögn Abul Kalam, sem fer með stjórn á málefnum flóttamanna í Bangladess, fór umrædd fjölskylda ekki lengra en að landamærasvæðinu sjálfu, sem tilheyrir Mjanmar. „Þess vegna er ekki hægt að tala um neina heimkomu. Bangladess á engan hlut að þessu máli,“ sagði Kalam við fréttastofu AP. **– þea**







## Við þökkum eftirtöldum aðilum gott samstarf

Sveitarfélagið Vogar · ÍSTAK · LOTA · HAMAR · Rafal

### Hreint loft – tær snilld!

Það er mikið öryggismál fyrir íslenskt þjóðfélag að vera sjálfbært í framleiðslu súrefnis og köfnunarefnis, ekki síst með tilliti til öryggis sjúklinga, en sjálfbærni og umhyggja fyrir umhverfinu eru leiðarstef í starfsemi ÍSAGA og Linde samsteypunnar. Fyrirtækið kappkostar enda að vera með vistvænar vörur og tæknilausnir, í takt við þá tæru snilld að vinna súrefni og köfnunarefni úr andrúmslofti - hreinu lofti!

Verksmiðjan í Vogum er alsjálfvirk og er henni fjarstýrt af starfsfólki ÍSAGA, sem fylgist með rekstrinum allan sólarhringinn. Enginn mengandi úrgangur eða aukaefni fylgja framleiðslunni og eini útblásturinn er lyktarlaus vatnsgufa. Staðsetningin dregur einnig úr kolefnisspori ÍSAGA en u.þ.b. 90% af því fljótandi súrefni sem fyrirtækið dreifir fer til viðskiptavina sem eru í innan við 100 km fjarlægð frá nýju verksmiðjunni.

A Member of
The Linde Group | AGA

# Lífsviðhorf Björns



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Vandvirkni, óþreytandi starfsorka, rökhyggja, útsjónarsemi og frumleiki.“ Svona lýsti Margrét Guðnadóttir veirufræðingur leiðbeinanda sínum og fyrsta forstöðumanni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Birni Sigurðssyni.

Björn lést árið 1959, þá 46 ára. Þó að Björn hafi fallið frá ungur að árum þá lagði hann með rannsóknum sínum á hæggengum veirusýkingum grunninn að þeirri merku vísindavinnu sem stunduð hefur verið á Keldum frá stofnun tilraunastöðvarinnar árið 1948. Rannsóknir hans á lentiveirum (mæði-visnuveiran), ásamt þeirri vinnu á Keldum, sem byggir á arfleifð hans, er vafalaust eitt stórkostlegasta framlag Íslands til vísindanna á heimsvísu.

Það sem við vitum í dag um hæggenga smitsjúkdóma, eins og HIV, fellur algjörlega að upphaflegum tilgátum Björns. Eins og Sigurður Guðmundsson, prófessor við læknadeild HÍ, sagði á málþingi á dögunum um störf Björns, þá er vart skrifuð vísindagrein í dag um HIV þar sem ekki er vitnað í Björn og rannsóknir hans enda hafa þær auðgað skilning okkar á veirunni og heimsfaraldri hennar.

Þessa merku arfleifð ættu allir Íslendingar að þekkja og henni ætti að hampa í skólastofum landsins, þá sérstaklega um þessar mundir þegar Tilraunastöðin að Keldum fagnar 70 ára starfsafmæli. Því það er sannarlega ekki aðeins uppgötvanir og árangur vísindavinnunnar á Keldum sem er merkilegt, heldur einnig það viðhorf og atgervi sem hún byggir á og Margrét heitin lýsti hér að ofan.

Þetta lífsviðhorf Björns er nauðsynlegt í samfélagi sem ætlar sér að byggja á grundvelli lýðræðislegra gilda, og virkri þátttöku borgara í ákvarðanatöku og stjórnarfari. Slíkt samfélag verður að vera skipað einstaklingum sem hafa vilja, getu og skilning til að taka upplýstar ákvarðanir.

Um leið getum við þó ekki gert þá kröfu að hver einasti einstaklingur sé vísindamenntaður og ekki dugar að upplýsa fólk aðeins um ávinning vísindanna, heldur verður að mæta fjárfestingu í vísindum með eflingu vísindalæsis meðal almennings.

Þess vegna ætti það að vera keppikefli allra vísindamanna, bæði í vísindavinnu sinni og í samskiptum við almenning og þá sem koma að opinberri stefnumótun, að miðla þekkingu sinni af ástríðu og áhuga, svo að við hin getum verið virkir þátttakendur í samfélagi sem reiðir sig æ meira, og í raun alfarið nú á dögum, á vinnu þeirra sem stunda góð vísindi af vandvirkni, óþreytandi starfsorku, rökhyggju, útsjónarsemi og frumleika.

**Þetta lífsviðhorf Björns er nauðsynlegt í samfélagi sem ætlar að byggja á grundvelli lýðræðislegra gilda, og virkri þátttöku borgara í ákvarðanatöku og stjórnarfari.**




Halldór

## Frá degi til dags

**Skýrsla hvers?**
**Það varð uppi fótur og fit á þinginu í gær þegar beiðni Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur, þingmanns Vinstri grænna, um skýrslu um framkvæmd alþjóðlegra skuldbindinga við flutning á vopnum var snögglega kippt af dagskrá. Beiðninni er beint til Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra sem virðist ekkert vilja vita af skýrslunni og berst um á hæl og hnakka til að losna við hana. Vill hann meina að beina eigi beiðninni til annars ráðherra. Ætla má þó að hann muni þurfa að lúffa fyrir þingmanninum, sem hann telur eflaust til stjórnarandstæðinga, enda kofi hennar ekki tómur þegar kemur að utanríkismálum.**

**Nýju klæðin**
**„Það eru ummæli eins og þessi, m.a. úr þessum virðulega ræðustól, sem einmitt eru til þess fallin miklu fremur en margt annað að grafa undan trausti og trúverðugleika stofnana ríkisvaldsins,“ sagði Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra þegar Píratinn Þórhildur Sunna Ævarsdóttir minnti hana á að ráðherrann hefði brotið lög við skipan Landsréttar. Í svari sínu líkti Þórhildur ráðherranum við allsnakinn keisara H.C. Andersen sem kenndi barninu sem á það benti um ófarir sínar. Nokkuð til í því.**

**joli@frettabladid.is**

# Borgarlína á dagskrá



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Um þessar mundir eru öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að staðfesta breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins um legu borgarlínu. Þessi niðurstaða, að festa borgarlínu í sessi, er afrakstur umfangsmikils og náins samstarfs sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem hefur gengið ótrúlega vel – þvert á sveitarfélagamörk og flokkslínur. Með staðfestingu svæðisskipulagsins er staðfest sú sameiginlega stefna að öflugri almenningssamgöngur með borgarlínu verði hryggjarstykkið í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu til að mæta þeim mikla vexti sem fyrirsjáanlegur er á svæðinu, án þess að umferð aukist að sama skapi.

**Borgarlína í fjármálaáætlun ríkisins**

Í nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að samið verði um framgang borgarlínu milli ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á þessu ári. Í áætluninni segir skýrt að ríkið muni styðja borgarlínu og í Morgunblaðsgrein tekur forsætisráðherra Katrín Jakobsdóttir einnig af öll tvímæli í því efni. Þetta er fagnaðarefni. Á grundvelli fjármálaáætlunar og yfirlýsinga forsætisráðherra hefur stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu falið fulltrúum Reykjavíkur, Kópavogs og Garðabæjar að undirbúa komandi samningagerð fyrir hönd sveitarfélaganna.

**Skýr framtíðarsýn**

Hundruð borga um allan heim, af öllum stærðum, gerðum og loftslagi notast við hraðvagnakerfi með góðum árangri. Þar er víða að nást góður árangur að fjölga notendum almenningssamganga og það viljum við líka gera. Borgarlínan er hluti af framtíðarsýn um fjölbreyttari ferðamáta og meira val í samgöngumálum. Borgarlínan á að verða góður, öruggur valkostur sem veitir tíða þjónustu og keyrir í sérrými. Borgarlínan mun því ekki verða fyrir töfum á annatíma þar sem hún nýtur forgangs í umferðinni. Allir munu hins vegar njóta góðs af því. Eftir því sem notendum borgarlínu fjölgar verður meira rými á götunum fyrir bíla, auk þess sem borgarlínan er afar mikilvægt tæki til að bæta loftgæði, bæta hljóðvist og draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

**Að festa borgarlínu í sessi, er afrakstur umfangsmikils og náins samstarfs sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem hefur gengið ótrúlega vel.**




FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Skammsýni og sóun



**Steingrímur Ari Arason**
forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

Systur tvær „skammsýni og sóun“ fara oft saman. Í atvinnurekstri og stjórnmálum er viðvarandi viðfangsefni að fyrirbyggja að þær fái ráðið för.

**Kerfið segir nei**

Ragnar Hall lögmaður skrifaði 13. apríl sl. athyglisverða grein þar sem fjallað er um þá niðurstöðu Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og úrskurðarnefndar velferðarmála að synja einstaklingi um greiðsluþátttöku vegna liðskiptaaðgerðar hjá Klíníkinni Ármúla. Þetta gerist þrátt fyrir að einstaklingurinn hafi verið í brýnni þörf fyrir aðgerðina, þrátt fyrir meira en árs bið eftir aðgerðinni hjá Landspítalanum, þrátt fyrir að Klíníkin Ármúla hafi uppfyllt öll fagleg skilyrði og þrátt fyrir lægri kostnað ríkisins við að samþykkja aðgerðina hjá íslenskum fremur en sænskum aðila. Nei skal það vera þar sem SÍ hafa einungis heimild til að taka þátt í kostnaði við liðskiptaaðgerðir sem framkvæmdar eru erlendis.

Í byrjun árs biðu um 1.100 einstaklingar eftir að komast í liðskiptaaðgerð. Meðalbiðtíminn var um sex mánuðir, en jafnframt upplýst að biðin eftir að komast á biðlistann gæti verið 6-8 mánuðir! Starfsmenn sjúkrahúsa, ekki síst Landspítalans, eru þannig settir í óbærilega stöðu. Synja þarf fólki um þjónustu sem það á rétt á. Jafnframt fer mikill tími starfsmanna í að flokka sjúklingana og í raun að mismuna þeim: *„Hvort á að komast á undan í aðgerð sá sem er búinn að bíða í tólf mánuði uppdópaður á verkjalyfjum eða sá sem er búinn að bíða í sex mánuði sárkvalinn?“*

**Skammsýni**

Frá árinu 2016, þegar sérstakt átak til að stytta biðlista hófst, hafa þrír heilbrigðisráðherrar ákveðið að liðskiptaaðgerðir í íslenska heibrigðiskerfinu skuli einungis vera í boði hjá stofnunum ríkisins. Samtímis hefur þeirri ósk SÍ verið hafnað að semja um gerviliðaaðgerðir á þeim grunni að *„mæli fagleg og fjárhagsleg rök með því verði SÍ jafnframt heimilað að semja um hluta aðgerðanna við sjálfstætt starfandi bæklunarlækna.“* Ósk sem er sett fram til að tryggja sjúkratryggðum greiðan aðgang að þjónustunni og að nýta fjármuni ríkisins eins vel og kostur er.

Árið 2018 hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að fela Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands að framkvæma allar biðlistaaðgerðir átaksins án sérstaks samnings. Þetta er ákveðið þó að fyrir liggi að sjálfstætt starfandi aðilar séu einnig reiðubúnir að veita þjónustuna og að biðlistaaðgerðirnar koma orðið niður á annarri þjónustu Landspítalans. Þannig mátti nýverið lesa í blöðum að takmarkaður mannskapur og aðstöðuleysi valda því að oft þarf að fresta stærri aðgerðum á skurðstofum. Dæmi er um að hjartaaðgerð sjúklings hafi verið frestað sex sinnum. Vegna skorts á legurýmum á gjörgæsludeild og skorts á sérhæfðu hjúkrunarfólki kemst Landspítalinn ekki hjá því að fresta skipulögðum aðgerðum sem krefjast gjörgæslu *„jafnvel þótt um lífsnauðsynlegar aðgerðir sé að ræða.“*

> Svo dæmi sé tekið sýnir íslensk athugun frá árinu 2014 að lækka mætti samfélagslegan kostnað á hvern sjúkling um a.m.k. 500 þús. kr. með því að stytta biðlista eftir liðskiptaaðgerð á hné niður í þrjá mánuði.



**Sóun**

Ragnar Hall bendir á að kostnaður sjúkratrygginganna vegna liðskiptaaðgerða sé í flestum tilvikum hærri erlendis en hérlendis. Með því að sækja þjónustuna til útlanda kemur óhjákvæmilega alls konar viðbótarkostnaður til sögunnar. Löngu og erfiðu ferðalagi fylgir fyrirhöfn og óþægindi. Sjúkdómar og aðstöðuleysi geta auk þess útilokað að einstaklingar eigi þess kost að sækja meðferð erlendis á eigin vegum. Staða þeirra er þannig að þeir verða að bíða eftir meðferð innan íslenska heilbrigðiskerfisins.

Þessu til viðbótar má svo ekki gleyma sóuninni sem fylgir því að íslenska heilbrigðiskerfið skuli láta það líðast ár eftir ár að sjúklingar þurfi að bíða í neyð eftir aðgerð umfram þrjá mánuði. Svo dæmi sé tekið sýnir íslensk athugun frá árinu 2014 að lækka mætti samfélagslegan kostnað á hvern sjúkling um a.m.k. 500 þús.kr. með því að stytta biðlista eftir liðskiptaaðgerð á hné niður í þrjá mánuði, en bið umfram það er talin óásættanleg samkvæmt viðmiði Embættis landlæknis.

**Skynsemin segir já**

Árið 2004 sagði Birgir Jakobsson, nú nýskipaður aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, að biðraðamenning innan heilbrigðiskerfisins væri krónískur sjúkdómur sem að verulegu leyti væri skipulagsgalli. Undir það er tekið.

Flest Evrópulönd hafa nú leyst þennan skipulagsgalla og treyst réttarstöðu sjúkratryggðra, sbr. *„vårdgaranti-fyrirkomulagið“* í Svíþjóð. Ef stofnanir ríkisins og samningsbundnir þjónustuveitendur eru ekki sjálfir í stakk búnir til að veita þjónustu sem sjúkratryggðir eiga rétt á innan ásættanlegra tímamarka ber þeim að vísa á tiltekinn annan veitanda. Að öðrum kosti er sjúkratryggðum gert kleift að leita eftir þjónustunni út fyrir „kerfið“. Þar af leiðandi verður það einungis í undantekningartilvikum að ekki tekst að framkvæma umsamda aðgerð á réttum tíma.

RENAULT
Passion for life

Þú tankar sjaldnar
á Renault sendibíl



RENAULT KANGOO, DÍSIL
1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL
Verð: 2.217.000 kr. án vsk.
2.750.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 4,3 l/100 km*

RENAULT TRAFIC, DÍSIL
1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL
Verð frá: 2.943.000 kr. án vsk.
3.650.000 kr. m. vsk.
Eyðsla frá 6,5 l/100 km*

RENAULT MASTER, DÍSIL
2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL
Verð frá: 3.669.000 kr. án vsk.
4.550.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 7,8 l/100 km*

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri
ENNEMM / SÍA / NM87049

www.renault.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

## Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi-deild karla 2018

Ítarlegri grein má lesa á Fréttablaðið.is

**PEPSI DEILDIN 2018**

| | |
|---|---|
| 1. ? | 7. ? |
| 2. ? | 8. ? |
| 3. ? | 9. ? |
| 4. ? | 10. ? |
| 5. ? | 11. **Fylkir** |
| 6. ? | 12. **Keflavík** |

### Fylkir
**hafnar í 11. sæti**

Fréttablaðið spáir því að Fylkir fylgi hinum nýliðunum, Keflavík, niður í Inkasso-deildina. Fylkir féll 2016 eftir 16 ára samfellda veru í efstu deild. Helgi Sigurðsson tók við Fylkismönnum fyrir síðasta tímabil og kom þeim strax upp. Eins og oft áður er Fylkisliðið að mestu skipað heimamönnum sem margir hafa mikla reynslu í efstu deild.

### Lykilmaðurinn í sumar
**Albert Brynjar Ingason**

Líkt og síðustu ár er **Albert Brynjar Ingason** aðalmaðurinn í sóknarleik Fylkis. Hann hélt tryggð við liðið þegar það féll og var þriðji markahæsti leikmaður Inkasso-deildarinnar í fyrra. Albert er markahæsti leikmaður Fylkis í efstu deild og þarf að skora 8-10 mörk ef Árbæingar ætla að halda sæti sínu í Pepsi-deildinni.



### Tölfræði frá síðasta sumri

**6** mörk fékk Fylkir á sig á heimavelli.

**0** leikjum tapaði Fylkir eftir að hafa náð forystunni.

### Nýju andlitin

**Helgi Valur Daníelsson** byrjaður aftur
**Jonathan Glenn** North Carolina
**Stefán Ari Björnsson** Gróttu

### Fylgstu með þessum

**Emil Ásmundsson** var einn besti leikmaður Inkasso-deildarinnar í fyrra. Miðjumaðurinn var á mála hjá Brighton en kom aftur heim eftir að hafa lent í erfiðum meiðslum.

**ENKUNNASPJALDIÐ** VÖRNIN ★★☆☆☆ | SÓKNIN ★★★☆☆ | ÞJÁLFARINN ★★☆☆☆ | BREIDDIN ★★☆☆☆ | LIÐSSTYRKINGIN ★★☆☆☆ |

**GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL** **2017** 1. sæti (B-deild) | **2016** 11. sæti | **2015** 8. sæti | **2014** 6. sæti | **2013** 7. sæti | **2012** 7. sæti |

# Komið að úrslitastundinni

Fyrirliðar Vals og Fram, sem mætast í úrslitum í Olísdeild kvenna, eru sammála um að lítill munur sé á liðunum. Valur er deildarmeistari og Fram Íslands- og bikarmeistari. Einvígið hefst í Valshöllinni í kvöld.

**HANDBOLTI** Reykjavíkurliðin Fram og Valur hefja einvígi sitt um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta kvenna þegar liðin leiða saman hesta sína í Valshöllinni í kvöld. Valur mætir til leiks sem ríkjandi deildarmeistari á meðan Fram hefur titil að verja, auk þess að hafa landað bikarmeistaratitlinum fyrr á þessari leiktíð.

Liðin háðu eftirminnilegar hildir þar sem barist var um Íslandsmeistaratitilinn á árunum 2010-2012. Valur hafði þá betur gegn Fram í úrslitum þrjú ár í röð. Þá var Stefán Arnarsson við stjórnvölinn hjá Val, en hann stýrir nú skútunni hjá Fram. Ágúst Jóhannsson heldur hins vegar um stjórntaumana hjá Val þessa stundina.

Liðin hafa mæst þrívegis í deildinni í vetur, en Fram hefur haft vinninginn í tveimur leikja liðanna og Valur í einum. Lítill munur er þó á liðunum og það er því búist við jöfnum og spennandi viðureignum.

„Markmiðið fyrir veturinn var fyrst og fremst að komast í úrslitakeppnina. Frammistaða okkar er því framar vonum og það er mjög gaman að hafa náð svona langt. Við erum hins vegar klárlega ekki saddar og ætlum okkur titilinn fyrst við erum komnar svona langt. Það er rík hefð fyrir því að vinna titla á Hlíðarenda og margir leikmenn í liðinu sem hafa verið í þessari stöðu áður. Það kemur ekkert annað til greina en að sækja þennan titil,“ segir Gerður Arinbjarnar, fyrirliði Vals, við Fréttablaðið.

„Þetta eru afar áþekk lið sem hafa bæði á að skipa mörgum reynslumiklum leikmönnum í bland við ungar og sprækar stelpur. Það er ákveðin nostalgía í því að mæta Val á nýjan leik í úrslitum. Við ríðum ekki feitum hesti frá viðureignum okkar gegn Val hér á árum áður og erum staðráðnar í að bæta upp fyrir það,“ segir Sigurbjörg Jóhannsdóttir, fyrirliði Fram, þegar Fréttablaðið ræðir við hana.

„Við höfum verið að ná vopnum okkar hægt og bítandi í vetur. Það hefur verið stígandi í spilamennsku okkar í allan vetur og ég held að við séum að toppa á hárréttum tímapunkti. Viðureignin við ÍBV var mjög erfið og það skapaðist góð stemming í Safamýrinni í því einvígi sem ég held að muni halda áfram í leikjunum gegn Val. Við erum alla vega klárar í slaginn,“ sagði Sigurbjörg enn fremur.

hjorvaro@frettabladid.is



**Hvor þeirra lyftir bikarnum, Sigurbjörg eða Gerður?** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Nýjast

**Olís-deild karla, 8-liða úrslit**

**Haukar - Valur 29-19**

**Markahæstir:** Adam Haukur Baumruk 7, Daníel Þór Ingason 6, Heimir Óli Heimisson 5 - Sveinn Aron Sveinsson 5/2, Anton Rúnarsson 5, Ólafur Ægir Ólafsson 3.

*Haukar unnu einvígið 2-0.*

**Stjarnan - Selfoss 28-30**

**Markahæstir:** Leó Snær Pétursson 7, Egill Magnússon 6, Aron Dagur Pálsson 6 - Hergeir Grímsson 10, Teitur Örn Einarsson 6, Einar Sverrisson 4/2.

*Selfoss vann einvígið 2-0.*

## Tryggvi ætlar í nýliðavalið

**KÖRFUBOLTI** Tryggvi Snær Hlinason hefur ákveðið að gefa kost á sér í nýliðaval NBA-deildarinnar 2018. Hann segir þó allt eins líklegt að hann dragi nafn sitt til baka áður en að valinu kemur.

„Þegar maður setur nafnið sitt inn í þennan hóp verða NBA-liðin að skoða þig, finna styrkleika og veikleika. Ef maður myndi draga nafnið sitt til baka, sem eru meiri líkur en minni á, getur maður undirbúið næsta ár betur,“ segir Tryggvi. **– iþs**



# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 17. APRÍL 2018





Ljósið hefur þróað styrkjandi námskeið fyrir ungmenni sem eiga krabbameinsgreinda ástvini. Kristín Berta Guðnadóttir félagsráðgjafi er leiðbeinandi.

→4






Í tilefni vorkomu hefur TEKK Company bætt við nýjum og spennandi vörulínum sem heita By-Boo, ELEONORA og SEVN. Lögð er áhersla á smekkleg húsgögn á góðu verði, að sögn Telmu og Elínar Maríu. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Ný vörulína í TEKK Company

Hjá TEKK Company fæst allt sem prýða má fallegt heimili. Nú hefur bæst við ný vörulína þar sem fjölbreytni, gæði og gott verð er í fyrirrúmi, að sögn þeirra Telmu Birgisdóttur og Elínar Maríu Sigurjónsdóttur, eigenda verslunarinnar. →2

TEKK Company hefur fyrir löngu skipað sér sess á meðal vinsælustu húsgagnaverslana landsins og hefur vöruúrvalið aldrei verið meira en nú, að sögn þeirra Telmu og Elínar Maríu, sem eru tvær af fjórum eigendum verslunarinnar.

„Í tilefni vorkomu höfum við hjá TEKK Company bætt við nýjum og spennandi vörulínum sem heita By-Boo, ELEONORA og SEVN. Þar er lögð áhersla á smekkleg húsgögn fyrir heimilið, svo sem staka stóla, borðstofuborð í mörgum stærðum og gerðum, flottar hillur og skápa og úrval af fallegum og þægilegum sófum. Frá By-Boo, ELEONORA og SEVN koma einnig smávörur í miklu úrvali, eins og mottur, vasar, klukkur, speglar, púðar og sófateppi, eða allt sem þarf til að gera heimilið hlýlegt og notalegt," segir Telma.

## Hollensk gæðamerki

By-Boo, ELEONORA og SEVN eru frá hollenskum framleiðanda sem er þekktur fyrir gæði og fjölbreytt úrval. „Húsgögnin eru á góðu verði svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi," segir Elín María. „Við getum einnig sérpantað húsgögn að óskum viðskiptavina okkar og tekur aðeins um 3-4 vikur að fá þau afhent," bætir hún við.

„Hjá TEKK Company er einstaklega gott úrval af fallegum sófum, þar á meðal góðir einingasófar en þá getur fólk raðað saman einingum eftir því sem hentar best og valið úr meira en 200 gerðum af áklæði. Við bjóðum upp á alls konar liti, gróft eða fínt efni og flauel eða leður. Þessa dagana er mikill áhugi á sófum og gaman að sjá hvað fólk er duglegt að prófa nýja liti, ekki síst unga fólkið," segir Telma.

## 20 ára afmæli í haust

TEKK Company er í 1.000 fermetra húsnæði við Skógarlind 2 í Kópavogi og í haust verða 20 ár frá því að verslunin var opnuð. Á haustmánuðum verður þessum merka áfanga fagnað með ýmsum tilboðum og uppákomum.

Undir sama þaki er verslunin Habitat sem er mörgum að góðu kunn fyrir stílhrein og falleg húsgögn. „Við eigum von á nýrri sumarlínu frá Habitat og í henni eru stólar, borð og blómapottar sem henta vel á pallinn," segir Elín María.



Fagur flauelssófi frá ELEONORA. Hann fæst í fjórum litum, grænum, bláum, gulum og gráum.

BY-BOO®

Líkt og ávallt er góð þjónusta í fyrirrúmi og starfsfólk TEKK Company er ávallt reiðubúið að veita ráð við val á húsgögnum og fylgihlutum. Boðið er upp á fría heimkeyrslu á húsgögnum.

Nánari upplýsingar má fá á heimasíðunni, tekk.is, eða á facebook.com/tekkcompany.
Tekk Company, Skógarlind 2, Kópavogi, s. 564 4400.



Mango borðstofuborðin koma í nokkrum stærðum og líka kringlótt.



Stóllinn er frá ELEONORA og kemur í bláum, gulum, grænum og gráum lit.



Borð frá By-Boo en í þeirri línu er fjölbreytt úrval af sófaborðum og smáborðum á mjög góðu verði.



Sjónvarpsskenkur frá LOFT línunni. Í sama stíl fást skenkur og skápur.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Viltu bæta tímann á hlaupunum?

**Magnesíumspreyin frá Better You hafa reynst sérstaklega vel fyrir alla þá sem stunda íþróttir, mikla útivist og/eða fjallgöngur. Magnesium Recovery er sérstaklega hugsað fyrir íþróttafólk og þá sem hreyfa sig mikið.**

Magnesíum er fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og er gríðarlega mikilvægt fyrir heilsu okkar. Það kemur við sögu í yfir 300 mismunandi efnaskiptaferlum í líkamanum og getur magnesíumskortur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Magnesíum er nauðsynlegt til orkuframleiðslu í líkamanum ásamt því að stuðla að betri heilsu vöðva og beina, vökvajafnvægi og til stjórnunar á tauga- og vöðvasamdrætti.

### Bættur árangur og slepp við krampa

Sigurjón Sigurbjörnsson er rúmlega sextugur ofurhlaupari sem notar Magnesium Recovery frá Better You. Með því hefur hann losnað við vöðvakrampa og um leið bætt sig í hlaupinu:

„Ég er búinn að nota Magnesíumspreyið síðan 2011 þegar ég setti núgildandi Íslandsmet í 100 km hlaupi og hef notað það í öllum keppnum og æfingum síðan. Síðasta alvörukeppni mín var á Laugaveginum fyrir tveimur árum, 2016, en þá bætti ég Íslandsmetið í 60 ára flokki og fór fram úr mörgum hlaupurum seinni hluta hlaupsins. Þegar þeir komu í mark sögðu þeir mér að þeir hefðu fengið krampa. Sjálfur slapp ég alveg við það enda notaði ég magnesíumspreyið vel fyrir hlaupið.

Svo meiddist ég á hásin í Reykjavíkurmaraþoninu og var greindur með króníska hásinabólgu. Mér var ráðlagt hálfu ári síðar þegar ég var ennþá að berjast við þessi meiðsl að nudda mig með magnesíumolíu og ég er aftur byrjaður að hlaupa.“



Með Magnesium Recovery frá Better You hefur Sigurjón Sigurbjörnsson losnað við hvimleiða vöðvakrampa.



15 ml glas passar fullkomlega í hlaupabuxurnar!

Magnesium Recovery hefur reynst fjölda íþróttafólks afar vel en það inniheldur einnig kamfóru, svartan pipar og sítrusolíur til að styrkja æfinguna og flýta endurheimt.

### Virkar á 10 sekúndum

Sigurjón getur sagt margar reynslusögur um hversu vel magnesíumolían hefur reynst honum: „2015 ákvað ég að hlaupa í Reykjavíkurmaraþoninu og reyna að bæta metið í heilu maraþoni í 60 ára flokki og verða fyrstur Íslendinga að hlaupa vegalengdina á undir 3 tímum. Ég hljóp á 2.59:29 og þegar ég kom í mark fékk ég krampa. Ég hafði notaði spreyið fyrir hlaupið en drakk svo ekki nægan vökva í hlaupinu sjálfu. Mér voru gefnar magnesíumtöflur í sjúkratjaldinu og sagt að það gætu liðið 15 mín. þar til þær virkuðu. Ég fór út af svæðinu og hitti konuna mína sem var með magnesíumspreyið mitt, ég spreyjaði á mig og eftir 10 sek. var ég krampalaus.“

> **Í mínu fyrsta hlaupi eftir að ég fór að nota magnesíumúðann fékk ég enga vöðvakrampa, bætti tímann og jafnaði mig rosalega fljótt.**

### Steinefni skolast út með svita

Magnesíumskort má oft rekja til lélegs og rangs mataræðis, mikillar streitu, ýmissa lyfja, mikillar koffínneyslu og næringarsnauðs jarðvegs sem nýttur er til ræktunar matvæla. Einnig skolast steinefni út úr líkamanum þegar við svitnum, þannig að ef við æfum mikið þá töpum við steinefnum sem við þurfum að passa að bæta okkur upp.

**Magnesíum hefur áhrif á:**
- Orkumyndun (ATP í frumunum)
- Vöðvastarfsemi
- Taugastarfsemi
- Myndun beina og tanna
- Meltingu
- Blóðflæði
- Kalkupptöku
- Húðheilsu

**Merki um magnesíumskort:**
- Svefnerfiðleikar
- Sinadráttur
- Vöðvakrampi
- Aukið næmi fyrir stressi
- Síþreyta
- Orkuleysi
- Höfuðverkir
- Fjörfiskur

**Sölustaðir:** Flest apótek, Fræið Fjarðarkaup & Heilsutorg Blómavali.


# Lífrænt rauðrófuduft eykur úthald

Rannsóknir á rauðrófu hafa sýnt að hún hefur jákvæð áhrif á blóðflæðið í líkamanum. Íþróttafólk er sérlega hrifið af Organic Beetroot því það hefur góð áhrif á hjarta- og æðakerfi líkamans. Það víkkar æðar, lækkar blóðþrýsting og eykur snerpu, orku og úthald.


„Um það bil tveimur vikum eftir að ég fór að taka rauðrófuhylkin jókst úthaldið og þrekið á hlaupunum og ég fann bara almennt fyrir meiri orku“
*Ingveldur Erlingsdóttir maraþonhlaupari*

natures aid




LÍFRÆNT OFURFÆÐI



- Aukið blóðflæði
- Bætt súrefnisupptaka
- Lægri blóðþrýstingur
- Minni hand- og fótkuldi
- Aukið úthald, þrek og orka
- Heilbrigðara hjarta- og æðakerfi
- Betri heilastarfsemi

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Það má halda áfram að hlæja

Ljósið hefur þróað styrkjandi og skemmtilegt námskeið fyrir ungmenni sem eiga ástvini sem greinst hafa með krabbamein. Námskeiðin eru ókeypis, uppbyggjandi og jákvæð.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Í fyrstu verða allir hræddir þegar aðstandandi greinist með krabbamein. Við tölum því um óttann og horfum ákveðið til vonarinnar því krabbamein þarf ekki endilega að fara á versta veg. Í æ fleiri tilvikum er hægt að vinna bug á sjúkdómnum, en krabbameini fylgir óvissa og það er erfitt að lifa í óvissu.“

Þetta segir Kristín Berta Guðnadóttir, félagsráðgjafi, fjölskylduráðgjafi og jógakennari. Kristín er leiðbeinandi á tveimur nýjum námskeiðum Ljóssins sem ætluð eru unglingum á aldrinum 14 til 16 ára og ungmennum á aldrinum 17 til 20 ára.

„Námskeiðin eru ókeypis og opin öllum unglingum og ungmennum sem eiga náinn aðstandanda sem greinst hefur með krabbamein. Það geta verið foreldrar, systkini, ömmur og afar, frændur, frænkur og vinir,“ útskýrir Kristín.

Á námskeiðunum er farið yfir hvað gerist í fjölskyldum þegar einn innan fjölskyldunnar veikist, en Kristín hefur mikla reynslu af vinnu með börnum og ungmennum sem lent hafa í áföllum.

„Við tjöldum öllu til á námskeiðinu,“ segir Kristín. „Við förum í ýmsa gagnlega fræðslu og veitum unga fólkinu dugandi verkfæri til að takast á við erfiðleika og hafa betri stjórn á hugsunum sínum. Við notum líka sköpunarkraftinn til listsköpunar en slíkt losar um streitu og veitir hugarró. Þá förum við í hugleiðslu, jóga og hópefli og í síðasta tímanum pöntum við pítsu og fáum leikara í heimsókn til að vinna með okkur spunaverkefni,“ upplýsir Kristín en námskeiðin fara fram á fimm mánudagskvöldum.

## Styrkur að standa ekki einn

Markmið nýrra námskeiða Ljóssins er að þróa þau áfram í samstarfi við þátttakendur.

„Krakkarnir geta þannig lagt fram spurningar sem þau skortir svör við og sett fram tillögur um umfjöllunarefni,“ segir Kristín. „Við leggjum líka ríka áherslu á að hafa gaman. Það er áhrifamikið fyrir ungt fólk að hitta aðra í sömu stöðu og vita að maður er ekki einn. Í því felst styrkur að heyra í öðrum krökkum og vera í hópi með jafnöldrum sem ganga í gegnum sömu hluti, hugsanir og tilfinningar.“



Kristín Berta Guðnadóttir er félagsráðgjafi, fjölskylduráðgjafi og jógakennari. MYND/ERNIR

Kristín kemur einnig að námskeiðinu sem aðstandandi.

„Ég veit hvernig það er að vera aðstandandi þess sem er krabbameinsveikur. Þess vegna veit ég líka að þrátt fyrir áfallið, erfiðustu tímabilin og þótt alvaran sé yfir öllu, má maður halda áfram að hlæja, lifa og hafa það gaman. Það er nefnilega erfitt að lifa með stöðugar áhyggjur af framtíðinni og því sem við getum ekki stjórnað. Því förum við yfir aðferðir sem hjálpa krökkunum að vera hér og nú og njóta lífsins áfram, því við höfum enga stjórn á því hvað gerist á morgun. Einmitt þess vegna er svo gott að fara á stað þar sem við getum hlegið og gert skemmtilega hluti meðfram góðri fræðslu, og við höfum þetta á léttum nótum.“

## Öflug verkfæri við vanlíðan

Orðið krabbamein veldur sumum ungmennum kvíða og vanlíðan.

„Við tölum því um streituna og kvíðann sem fylgir álaginu við það að náinn ástvinur er veikur. Helstu spurningar sem kvikna eru: Hvers vegna fær maður krabbamein? Hvernig get ég tekist á við kvíðann? Hvernig get ég tekist á við vanlíðan mína í þessum aðstæðum? Verkfærin sem við veitum til þess eru öflug, gerð til þess að takast á við streitu og tilfinningar, og unglingarnir tala um að þau geti líka notað þau í öðrum aðstæðum lífsins, yfirfært þau á aðra hluti og að þeim líði svo sannarlega betur.“

Næsta námskeið hefst mánudaginn 23. apríl og er aðgangur sem fyrr segir ókeypis.

„Við hvetjum ungt fólk á aldrinum 17 til 20 ára til að koma á næsta námskeið og foreldra til að segja sínu unga fólki frá námskeiðinu. Við viljum endilega fá sem flesta og það gerir öllum gott að vera á meðal annarra sem standa í sömu sporum og hitta fagfólk til að uppskera betri líðan og meiri gleði. Námskeiðið er á jákvæðum, uppbyggjandi og styrkjandi nótum og unga fólkið fær vettvang til að ræða málin og úrræði sem gagnast þeim til að geta liðið sem best í erfiðum aðstæðum.“

Nánari upplýsingar um námskeiðin og skráningar á ljosid.is

# Hvernig fannst þeim námskeiðið?

### Fannar Þórir Samúelsson



Fannar Þórir Samúelsson, nemandi í Hólabrekkuskóla.

*Af hverju ákvaðst þú að fara á þetta námskeið hjá Ljósinu?*

Ég ákvað að fara vegna þessi að ég er aðstandandi og vildi læra meira.

*Hvernig nýttist námskeiðið þér?*

Námskeiðið nýttist mjög vel. Ég fékk að vita það sem ég vildi vita og svo var þetta líka gaman.

*Myndirðu mæla með því við aðra krakka í svipuðum aðstæðum?*

Já, ég mæli með þessu námskeiði. Það er bæði fræðandi og skemmtilegt, og gæti hjálpað mörgum.

### Garðar Máni Ágústsson



Garðar Máni Ágústsson, nemandi í Hólabrekkuskóla.

*Af hverju fórstu á námskeiðið hjá Ljósinu?*

Vegna þess að litli bróðir minn greindist með krabbamein og mér leið illa. Fannar, vinur minn, sagði mér frá námskeiðinu og ég ákvað að prófa.

*Hjálpaði námskeiðið þér eitthvað?*

Já, það reif mig upp að fara á þetta námskeið og það var gott að tala um það sem er búið að vera í gangi og hitta aðra í sömu sporum. Ég lærði að fólk er að lenda í því sama. Ég fór að geta einbeitt mér meira og hætti að einblína eingöngu á það neikvæða.

*Myndir þú mæla með þessu námskeiði fyrir aðra?*

Að sjálfsögðu, ef þeim líður illa.

### Camilla Hjördís Samúelsdóttir



Camilla Hjördís Samúelsdóttir, nemandi í Breiðholtsskóla.

*Hvers vegna ákvaðstu að fara á námskeið Ljóssins?*

Vegna þess að afi minn, sem greindist með krabbamein fyrir rúmu ári síðan, benti okkur Fannari bróður mínum á þetta námskeið. Mér þótti námskeiðið áhugavert og hélt að það gæti hjálpað mér að takast á við veikindi afa míns.

*Hvernig nýttist námskeiðið þér?*

Það nýttist mér mjög vel og var virkilega hjálplegt. Ég nota sumt af því sem okkur var kennt á námskeiðinu í daglegu lífi og mér líður betur að tala um krabbamein við aðra. Áður en ég fór á námskeiðið fékk ég kvíðahnút í magann við það eitt að heyra orðið krabbamein. Námskeiðið var líka mjög skemmtilegt og við fengum að kynnast fleira fólki í sömu aðstæðum.

*Myndirðu mæla með námskeiðinu fyrir krakka í svipuðum aðstæðum?*

Ég mæli hiklaust með þessu námskeiði. Það er í senn mjög hjálplegt og skemmtilegt. Svo eru stjórnendur námskeiðsins rosalega hjálplegir, skemmtilegir og skilningsríkir.

Fimmtudaginn 26. apríl gefur Fréttablaðið út sérblaðið

ÚTIVIST

Í þessu glæsilega blaði verða skemmtileg viðtöl við allskonar fólk sem hefur smitast af útivistarbakteríunni. Fjallgöngur, hlaup, hjólreiðar eða skokk um göngustíga borgarinnar.

Markmið blaðsins er grípa athygli allra þeirra sem stunda útivist af einhverju marki. Því til viðbótar verður ýmis gagnlegur og hvetjandi fróðleikur fyrir þá sem vilja fara af stað og stunda meiri útiveru og útivist.



Nánari upplýsingar um auglýsingar og kynningarumfjallanir veitir
Ólafur H. Hákonarson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5433 / olafurh@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM

2041 — 149.900 KR. — ÁÐUR: 276.600 KR.

2046 — 270.220 KR. — ÁÐUR: 408.900 KR.

6010 — 288.620 KR. — ÁÐUR: 431.900 KR.

114-1 — 267.020 KR. — ÁÐUR: 404.900 KR.

115 — 369.420 KR. — ÁÐUR: 532.900 KR.

113 — 297.420 KR. — ÁÐUR: 442.900 KR.

2021 — 304.620 KR. — ÁÐUR: 451.900 KR.

106 — 305.420 KR. — ÁÐUR: 452.900 KR.

104 — 329.420 KR. — ÁÐUR: 482.900 KR.

118 — 313.420 KR. — ÁÐUR: 462.900 KR.

129-3 — 385.420 KR. — ÁÐUR: 552.900 KR.

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

Með öllum keyptum steinum í Apríl fylgja 2 hvítir spörfuglar að verðmæti 18.800,-kr eða 1 hvít dúfa að verðmæti 12.900,-kr

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# Nátthrafnar í vondum málum

Dagurinn eftir andvökunótt getur reynst nátthröfnum sérstaklega erfiður og þá er mikilvægt að grípa ekki til örþrifaráða sem viðhalda vítahringnum.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Ef þú áttir erfitt með að sofna í gærkvöldi og byltir þér næturlangt ertu sennilega ekki upp á þitt besta í dag. Samfélagið er skipulagt með tilliti til morgunhana sem fara snemma að sofa og vakna eldhressir og til í daginn rétt eftir að nátthrafnarnir svífa loks inn í draumalandið. Morgunhanarnir sjá svo um að draga nátthrafnana á fætur og þeyta þeim, vansvefta og ómögulegum, inn í annir hversdagsins. Nátthrafnar geta því upplifað þunglyndi þar sem það er eins og þeir séu aldrei í takt, alltaf þreyttir og gengur verr að einbeita sér að verkefnum dagsins.

Nýlegar rannsóknir, sem gerðar voru á 433.000 Bretum og stóðu í tæp sjö ár sýna að nátthrafnarnir, lifa skemur en morgunhanar og þeim er frekar hætt við efnaskiptasjúkdómum, taugasjúkdómum og geðsjúkdómum meðal annars. Verið er að rannsaka ástæður þessa en þangað til ættu nátthrafnarnir að reyna að koma reglu á líf sitt eins og best þeir geta þar sem sama rannsókn sýndi einnig að þótt hluti af ástæðunni fyrir því að sumum lætur betur að vakna fyrr og öðrum seinna sé erfðabundinn er hægt að hafa áhrif á svefninn með því að tileinka sér aðrar venjur og sjá hvort ekki tekst að koma líkama og sál í betra horf með því móti.



Kaffið getur bjargað deginum en rústað nóttinni svo aðgát skal höfð.



Nátthrafnar þurfa að leggja sig fram við að aðlagast samfélagi sem hannað er fyrir morgunhana.



Það gerir engum gott að lúra lengur heldur veldur það aðeins morgunstreitu.

Flestir nátthrafnar eru fastir í ákveðnum vítahring morgunþreytu og næturgölturs og hér eru nokkrar góðar aðferðir til að rjúfa hann.

- Ekki lúra lengur. Tíu mínútur til eða frá breyta engu fyrir ósofna sál. Þú ert bara að koma þér upp morgunstressi sem hjálpar ekki þegar þú ert úr jafnvægi fyrir.
- Ekki sofa út. Því miður getur þessi eini frímorgunn sett alla reglu úr skorðum. Líkaminn veit ekki hvaða dagur er og ef þú hefur komið á reglu er synd að rústa henni fyrir einn útsvefn.
- Fáðu þér kaffi fyrripartinn en slepptu því eftir klukkan tvö. Athugaðu að kóladrykkir, orkudrykkir og grænt og svart te geta verið jafnörvandi og kaffi svo það borgar sig að takmarka neyslu þess á sama hátt.
- Hreyfing er mikilvæg en athugaðu það tekur um þrjá tíma fyrir líkamann að vinna úr hressu hormónunum og ná hinni eftirsóknarverðu líkamsþreytu sem gefur svo góðan svefn.
- Blundur og lúr er í góðu lagi, en hann má ekki vera lengri en 20 mínútur, annars fer líkamsklukkan í rugl.
- Nældu þér í dagsbirtu. Reyndu að komast aðeins út undir bert loft meðan sólin er á lofti, þó það sé bara í nokkrar mínútur. Dagsbirta hjálpar til að stilla líkamsklukkuna og gera henni grein fyrir hvenær er dagur og hvenær nótt. Á björtum sumarnóttum er þess vegna mikilvægt að draga vel fyrir glugga.
- Ekki fara á netið eða í símann rétt fyrir svefn. Öll birta truflar svefnskynið en bláa birtan sem snjalltækin okkar gefa frá sér er sérstaklega ruglandi. Reyndu frekar að róa þig með öðrum aðferðum og gerðu þessi tæki útlæg úr svefnherberginu.
- Ekki taka afdrifaríkar ákvarðanir þegar þú ert svefnlaus. Þú ert bæði líklegri til að vera kvíðnari og ábyrgðarlausari en ella auk þess sem dómgreind þinni verður ábótavant þar sem yfirkeyrðar heilasellur eiga erfitt með að tengja saman einföldustu upplýsingar. Bíddu með ákvarðanatöku þangað til svefninn er kominn í lag.
- Athugaðu að stundum er svefnleysi eðlileg viðbrögð líkamans við streitu, tilhlökkun og óreglulegum svefnvenjum. Ef svefnvandamál fer hins vegar að hafa alvarleg áhrif á líðan þína í leik og starfi ættirðu að tala við lækni, einkum ef vandamálið hefur staðið í mánuð eða meira.



## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til i stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

BÍLA GALLERÍ



**PLUGINHYBRID.IS**
BMW X5 Xdrive 40e PLUG IN HYBRID. 5.2016, ekinn 35 Þ.km, Sjálfsk, Leður, Panorama, ofl ! Verð 9.480þ. Sjá Raðnr.102091 á www.bilagalleri.is



**MMC.IS**
MMC OUTLANDER PHEV Hybrid Intense Plus. Nýr ! Árgerð 2018,Rafmagn/ bensín, Sjálfsk, Leður/rússkin, 18" felgur, ofl. Verð 4.690þ. 3 litir í boði ! Sjá Raðnr.112180.á www.bilagalleri.is

**Bílagallerí bílasala**
**Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagalleri.is**

### Bílar til sölu



Toyota Yaris árg 06 beinsk vél 1.0 ek 128 þús nýskoðaður góð dekk topp bíll verð 540 þúsund 8927852

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Felli tré og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870

Eind ehf

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

### Atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.
**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**




**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*

## Til sölu




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**




# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

3.herb.íbúð í blokk í Vesturbænum til leigu frá 10. mai til 21. júní,með húsgögnum.Verð 150 þús.Uppl.892-4400 Erla.

## Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

Óska eftir duglegum starfsmanni í bílaþrif. Umsóknir sendist á dussy@centrum.is.

Aðstoðarmaður óskast á þjónustubíl sem fer um landið í sumar,konur jafnt sem karlmenn hvattir til að sækja um. Helst að hafa bílpróf. Umsóknir berist á smaar@frettabladid.is merkt Aðstoðarmaður

Starfskraft vantar í Sauðburð æskilegt að viðkomandi gæti unnið inniverk með Uppl. í s. 864 2146

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

## Atvinna




# KAFFIBARÞJÓNAR ÓSKAST

Te & Kaffi leitar að metnaðarfullum og brosmildum kaffibarþjónum til að starfa á kaffihúsunum okkar á höfuðborgarsvæðinu.

Hjá Te & kaffi starfar fjöldinn allur af hressu og metnaðarfullu fólki og nú vantar að bæta í þann góða hóp. Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingum til að takast á við spennandi verkefni á kaffihúsunum okkar.

Aldurstakmark er 18 ár og um framtíðarstörf er að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is fyrir 30. apríl næstkomandi.



## Fasteignir


DOMUSNOVA
Fasteignasala

Nýbýlavegur 8, 2. hæð • 200 Kópavogur • domusnova@domusnova.is • S 527 1717

**GISTIHEIMILI/HÓTEL TIL SÖLU - MIKLIR TEKJUMÖGULEIKAR**



**Engimýri III sem stendur við þjóðveg 1 um er að ræða 284,6 fm gistiheimili/hótel með fullkomnum veitingastað ca 25-30 mín fjarlægð frá Akureyri. Eignin er skráð sem gistiheimili hjá Fmr.**

**Viltu skapa þínar eigin tekjur ! Aukning ferðamanna !**
Auðvelt að skapa sér mjög arðbæran rekstur í þessari hratt vaxandi atvinnugrein. BÓKUNARSTAÐA góð fyrir sumarið.
**Hagstæð áhvílandi lán - Eignaskipti möguleg - Afhending við kaupsamning.**
**Verð 65 milljónir.**

**Frekari upplýsingar veita Agnar í s. 820-1002 eða agnar@domusnova.is og Bergþóra Lárusdóttir aðstoðarmaður fasteingasala í s. 895-3868 eða bergthora@domusnova.is**

**www.domusnova.is**

LIND
FASTEIGNASALA

**510 7900**
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**Bæjarlind 7-9**
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 98-162 fm FJÖLBÝLI HERB: 2-4

**Nýjar tveggja til fjögurra herbergja íbúðir í glæsilega hönnuðu fjölbýlishúsi að Bæjarlind 7-9. Húsið er álklætt með áltré gluggum og verður því viðhaldslítið. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna, granít borðplötur. Afhending maí-júní 2018.**

**Verð frá 46.9M KR**



**OPIÐ HÚS › 17. APRÍL 17:30 – 18:00**



*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› **699 5008**
› **hannes@fastlind.is**





HELGAFELL
FASTEIGNASALA
s: 566-0000 • helgafellfasteignasala.is



Gunnar Sv. Friðriksson
löggiltur fasteignasali
S: 842 2217



**REYKJAVÍKURVEGUR 52A - HAFNARFIRÐI.**
Vönduð eign fyrir 50 ára og eldri. 117, 3 fm. endaíbúð með glerlokun á svölum. Stæði í bílageymslu.
Laus fljótlega. **Verð: 57.9 millj. kr.**

Nánari uppl. veitir Gunnar Sv. Friðriksson lögg. fast. í s: 842 2217 eða gunnar@helgafellfasteignasala.is

450
FASTEIGNASALA

450 Fasteignasala ehf. kt. 620900-2490
Engjateigur 9, 105 Reykjavik - 450@450.is




**ÍBÚÐ TIL SÖLU FYRIR ELDRI BORGARA Í HINNI SVOKÖLLUÐU VR-BLOKK.**

**Opið hús þriðjudaginn 17.04. milli kl. 12:30-13:00**

**HVASSALEITI 58, REYKJAVÍK,** þ.e. 2ja herbergja 77,5 fm. á 6. hæð í lyftuhúsi. Inngangur er um sameiginlegan snyrtilegan stigagang/sameign. Á hæðinni er sameiginlegt þvottaherbergi með sameiginlegum vélum og einnig sérgeymslu en geymsla er einnig í kjallara. Í húsinu er Hverfistöð Reykjavíkurborgar þar sem rekin er ýmis þjónusta. Frábærlega vel staðsett eign. **Verð 39.900.000**

**Upplýsingar gefur Erlendur Davíðsson, löggiltur fasteignasali í erlendur@450.is og síma 897-0199.**

Sími 450-0000 Engjateigur 9, 105 Reykjavík 450@450.is kt. 620900-2490

HÖFÐI
FASTEIGNASALA

**Suðurlandsbraut 52**
**108 Reykjavík**
**Sími 533 6050**
**Faxnr. 533 6055**
**www.hofdi.is**

**EFSTASUND 67 - REYKJAVÍK**








**OPIÐ HÚS! Í dag milli kl.17:30 og 18:00**
**FALLEG OG RÚMGÓÐ 3JA HERB. ÍBÚÐ MEÐ SÉRINNGANG OG SÉR SÓLAPALL Á EFTIRSÓTTUM STAÐ - 104 REYKJAVÍK.**
Um er að ræða 95,1 fm íbúð sem er búið að endurnýja að miklu leyti. Rúmgóð svefnherbergi og góð stofa, opið eldhús, sólpallar við innagn og sér innkeyrsla. Sjón er sögu ríkari.
**Ásett verð aðeins kr. 44,7 millj.**
Allar nánari uppl. veitir Jóhann Friðgeir, s: 896-3038 eða á johann@hofdi.is

Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is



✝

Ástkær eiginmaður minn og vinur, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**Aðalsteinn Kristinsson**

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 3. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Magnea Jónsdóttir,**
**Bryndís, Þórey, Sigrún, Auður**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Ástkær eiginkona, móðir og systir,

**Guðrún Ólafsdóttir Regan**

lést á heimili sínu á Flórída föstudaginn 13. apríl.

**James Regan**
**James Regan Jr.**
**Helen Harless**
**Vilhelmína Ólafsdóttir**
**Eyjólfur Ólafsson**
**Ólafur Valur Ólafsson**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bjarni Rafn Guðmundsson**

stýrimaður,
Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 5. apríl.
Útför hans fór fram í kyrrþey.

**Jón Rafn Bjarnason**
**Anna Kristín Bjarnadóttir** **Guðbjörn Sigurþórsson**
**Hörður Bjarnason** **Rhonda Bjarnason**
**Bjarki Bjarnason** **Árný Björg Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Birna S. Björnsdóttir**

snyrti- og fótaaðgerðafræðingur,
Skálatúni 6, Akureyri,

